

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2016, fimmtudaginn 25. ágúst var haldinn 128. fundur hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 12.00 Viðstödd voru: Svafar Helgason (P) sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson, (S) Áslaug María Friðriksdóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman (BF). Einnig sátu fundinn Benóný Ægisson áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Miðborgar, Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Vesturgarðs- Miðborgar og Hlíða og Hörður Heiðar Guðbjörnsson, verkefnastjóri Vesturgarðs- Miðborgar og Hlíða sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist:

1. Nafn á nýja frístundamiðstöð sem áður var Kampur og Frostaskjól. Óskað eftir fulltrúa hverfisráðs. Samþykkt var að formaður ráðsins Svafar Helgason myndi sitja fyrir hönd ráðsins.
2. Tillaga að stefnu um frítímaþjónustu. Hverfisráð fagnar þessari vinnu og mun senda inn sameiginlega umsögn.
- Kl. 12.07: Elsa Hrafnhildur Yeoman tekur sæti á fundi
3. Stefna og aðgerðir í málefnum miðborgar - drög til kynningar. Frestað
4. Fundur með fulltrúum USK vegna verkefnisins “betri hverfi” finna dagsetningu. Ákveðið að boða til fundar verna þessa verkefnis 8. sept. n.k. ef fulltrúar USK hafa tök á að mæta þennan dag.
5. Ákveða fundartíma hverfisráðs veturinn 2016-2017. Samþykkt að funda á fjögurra vikna fresti kl. 11.30-13.00. Verkefnastjóri mun boða til funda vetrarins.
6. Fulltrúi íbúasamtaka óskaði eftir því að fá í lok hvers fundar að leggja fram erindi frá Íbúasamtökum Miðborgar. Erindin munu berast fyrir fundi ráðsins til Harðar verkefnastóra.

Fundi slitið kl. 12.40

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson
Elsa Hrafnhildur Yeoman

Áslaug María Friðriksdóttir